Hagþenkir

félag höfunda fræðirita og kennslugagna

# Rétthafagreiðslur

# Ársreikningur 2022

Hagþenkir - Rétthafagreiðslur
Þórunnartúni 2
105 Reykjavík
kt. 520485-0749

# Efnisyfirlit

**Bls.**


Áritun óháðs endurskoðanda ........................................................................ 3
Skýrsla stjórnar ........................................................................................ 5
Rekstrarreikningur .................................................................................... 6
Efnahagsreikningur ................................................................................... 7
Skýringar.................................................................................................... 8
Sundurliðanir.............................................................................................. 9

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar Hagþenkis

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hagþenkis - Rétthafagreiðslur fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022 og efnahag þess 31. desember 2022 í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Hagþenki í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Hagþenkis. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda frh.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

• Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Löggiltur endurskoðandi

Garðabæ, 17. apríl 2023

**Endurskoðun og Ráðgjöf ehf.**

Eymundur Sveinn Einarsson
Löggiltur endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi félagsins er starfsemi fagfélaga.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

*Rekstur ársins 2022*

Tap varð af rekstri sjóðanna á rekstrarárinu að fjárhæð 4,2 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 39,8 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Engin laun er greidd hjá sjóðunum.

*Yfirlýsing stjórnar*

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu á árinu 2022, efnahag 31. desember 2022 og breytingu á eigin fé á árinu 2022 í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikinga.

Stjórn Hagþenkis staðfestir hér með ársreikning sjóðanna fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. apríl 2023

Stjórn:

| | | |
|---|---|---|
| Gunnar Þór Bjarnason<br>Formaður | Ásdís Thoroddsen<br>Varaformaður | Henrý Alexander Henrýsson<br>Ritari |
| Ásdís Lovísa Grétarsdóttir<br>Meðstjórnandi | Snæbjörn Guðmundsson<br>Meðstjórnandi | Friðbjörg Ingimarsdóttir<br>Framkvæmdastýra |

# Rekstrarreikningur ársins 2022

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Fjölís tekjur | 4 | 37.855.741 | 37.717.484 |
| IHM tekjur | 5 | 8.392.299 | 10.229.529 |
| Rekstrartekjur alls | | 46.248.040 | 47.947.013 |
| **Styrkir þóknanir og viðurkenningar** | | | |
| Fjölís sjóður | 4 | 25.085.000 | 24.965.530 |
| IHM sjóður | 5 | 8.249.914 | 4.315.000 |
| Styrkir þóknanir og viðurkenningar alls | | 33.334.914 | 29.280.530 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Kostnaðarþátttaka til Hagþenkis | | 13.454.797 | 13.872.627 |
| Lögfræðikostnaður | | 3.616.751 | 1.093.321 |
| Rekstrarkostnaður alls | | 17.071.548 | 14.965.948 |
| **Eftirstöðvar (tap) ársins** | | (4.158.422) | 3.700.535 |

## Eignir

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | |
| Hagþenkir | | 42.164.615 | 26.120.152 |
| Veltufjármunir alls | | 42.164.615 | 26.120.152 |
| **Eignir samtals** | | 42.164.615 | 26.120.152 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 2 | | |
| Eigið fé | | 39.840.334 | 23.957.491 |
| Eigið fé alls | | 39.840.334 | 23.957.491 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur | | 2.324.281 | 2.162.661 |
| Skammtímaskuldir alls | | 2.324.281 | 2.162.661 |
| **Skuldir samtals** | | 2.324.281 | 2.162.661 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 42.164.615 | 26.120.152 |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

Rétthafagreiðslur eru í eigu og umsjá Hagþenkis og er heimilisfang þeirra Þórunnartún 2, 105 Reykjavík.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 2. Eigið fé

**Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum**

| | Eigið fé | Samtals |
|---|---|---|
| Staða 1.1 | 23.957.491 | 23.957.491 |
| Uppgjör 11. gr. tekna | 20.041.265 | 20.041.265 |
| Tap ársins | (4.158.422) | (4.158.422) |
| Staða 31.12 | 39.840.334 | 39.840.334 |

# Sundurliðanir

## 3. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld greinast þannig:

**Styrkir, þóknanir og viðurkenningar**

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Starfsstyrkir vegna ritstarfa | 18.000.000 | 18.000.000 |
| Þóknanir vegna ljósritunar | 3.935.000 | 5.088.947 |
| Ferða- og menningastyrkir | 2.020.000 | 225.000 |
| Styrkir til handritagerðar | 1.500.000 | 0 |
| Rétthafagreiðslur vegna fræðslu- og heimildamynda | 6.629.914 | 4.275.000 |
| Viðurkenning Hagþenkis | 1.250.000 | 1.250.000 |
| Lögfræðikostnaður | 3.616.751 | 1.093.321 |
| Erlendar rétthafagreiðslur | 0 | 441.583 |
| | 36.951.665 | 30.373.851 |

## 4. IHM sjóður

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 14.372.898 | 10.495.921 |
| Tekjur | 8.392.299 | 10.229.529 |
| Greiðsla frá IHM v/uppgjörs 11. gr. tekna | 20.041.265 | 0 |
| Úthlutaðar rétthafagreiðslur | (6.629.914) | (4.275.000) |
| Ferða- og menntunarstyrkir | (120.000) | (40.000) |
| Handritsstyrkir | (1.500.000) | 0 |
| Lögfræðikostnaður vegna IHM sjóðs | (2.431.931) | (420.670) |
| Þátttaka í rekstri Hagþenkis (25% af tekjum) | (2.098.075) | (2.557.382) |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur v. 2021 | (940.500) | 0 |
| Fjármagnstekjuskattur | 1.458.581 | 940.500 |
| Staða í lok árs | 30.544.623 | 14.372.898 |

## 5. Fjölís sjóður

| | 2022 | 2021 |
|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 11.747.254 | 9.761.035 |
| Tekjur | 37.855.741 | 37.717.484 |
| Starfsstyrkir til ritstarfa | (18.000.000) | (18.000.000) |
| Þóknanir vegna ljósritunar og skönnunar | (3.935.000) | (5.088.947) |
| Ferða- og menntunarstyrkir | (1.900.000) | (185.000) |
| Lögfræðikostnaður vegna Fjölís sjóðs | (1.184.820) | (672.651) |
| Viðurkenning Hagþenkis | (1.250.000) | (1.250.000) |
| Erlendar rétthafagreiðslur | 0 | (441.583) |
| Þátttaka í rekstri Hagþenkis (30% af tekjum) | (11.356.722) | (11.315.245) |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur v. 2021 | (1.222.161) | 0 |
| Fjármagnstekjuskattur | 865.700 | 1.222.161 |
| Staða í lok árs | 11.619.991 | 11.747.254 |